



Fundargerð

1282. fundur bæjarráðs Reykjaneshafnar, fjarfundur
20. ágúst 2020, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Díana Hilmarsdóttir, Guðbrandur Einarsson, Margrét A. Sanders, Margét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Beiðni um aðstöðu til jarðfræðirannsókna og kolefnisförgunartilrauna í nágrenni Helguvíkur (2020070219)

Edda Sif Pind Aradóttir og Bergur Sigfússon frá Carbfix mættu á fundinn og kynntu verkefnið.

Bæjarráð tekur jákvætt í verkefnið með fyrirvara um að það sé í samræmi við landnotkun á iðnaðarsvæðinu í Helguvík að uppfylltum öllum skilyrðum sem gerð eru í lögum, reglugerðum og skipulagi til slíkra rannsókna og framkvæmda.

Bæjarráð tekur undir bókun Stjórnar Reykjaneshafnar frá 13. ágúst 2020:

„Stjórn Reykjaneshafnar telur framkomið verkefni mjög áhugavert en í því felst þróun kolefnisförgunaraðferðar sem getur orðið áhrifaríkt verkfæri í baráttunni gegn loftslagsbreytingum í framtíðinni. Stjórn Reykjaneshafnar samþykkir að heimila framkvæmd verkefnisins á hafnarsvæði Helguvíkurhafnar í samræmi við efni bréfsins á rannsóknartíma þess til ársins 2024 svo lengi sem framkvæmdin hafi ekki neikvæð áhrif á uppbyggingu Helguvíkurhafnar. Hafnarstjóri Reykjaneshafnar hefur eftirlit með framkvæmdinni fyrir hönd Reykjaneshafnar og skal framkvæmdin unnin í nánu samráði við hann.“

2. Atvinnuleysistödlur (2020040083)

Sigurgestur Guðlaugsson, verkefnastjóri atvinnu- og viðskiptaþróunar, mætti á fundinn. Lögð fram samantekt á tölum um minnkað starfshlutfall og atvinnuleysisskráningu frá Vinnumálastofnun. Sigurgesti falið að vinna áfram í málinu.

Bæjarráð lýsir yfir áhyggjum á alvarlegri stöðu og óskar eftir frekari upplýsingum sem lagðar verða fyrir á næsta bæjarráðsfundi.

3. Fjárhagsáætlun 2021-2024 – tekjuáætlun 2021 (2020060158)

Lagt fram minnisblað um áætlun álagningar fasteignaskatta 2021.



4. Bygging Stapaskóla - fjárhagsleg staða verkefnis (2019110200)

Lagt fram minnisblað vegna fyrirspurnar Margrétar A. Sanders frá síðasta bæjarráðsfundi.

5. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar EAG ehf. um leyfi til að reka veitingastað í flokki II að Hafnargötu 18 (2020070168)

Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir erindið.

6. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar Sunset H20 um leyfi til að reka gististað í flokki II að Háteigi 20 (2020070385)

Friðjón Einarsson lýsir sig vanhæfan í þessu máli.

Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Lóðin Háteigur 20 er íbúðahúsalóð á skilgreindu svæði íbúðabyggðar. Notkun hússins fyrir atvinnurekstur sem gististaður í fl. II samræmist ekki skipulagi svæðisins. Því getur bæjarráð ekki mælt með heimild til breytingar rekstursins úr flokki I í flokk II.

Bæjarráð samþykkir að taka 7. mál inn á dagskrá:

7. Byggingarnefnd Stapaskóla (2019110200)

Lögð fram fundargerð verkefnastjórnar Stapaskóla. Byggingarnefnd óskar eftir að fá kynningu á frumdrögum um II. áfanga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00. Fundargerðin undirrituð rafrænt.